

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

- 1.1 Vörukenni:** **Förch Ryðvarnar- og smurúði S400**
Vörunúmer: **349 6520 5760 400ml**
- 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:**
Viðeigandi notkun Tæringarvörn/smurefni.
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirleggjandi.
- 1.3 Söluaðili:** **AB Varahlutir ehf.** **Framleiðandi:** Theo Förch GmbH
Funahöfða 9 D-74196 Neuenstadt
110 Reykjavík Þýskalandi
Sími: 567 6020 00-49-7139/95-0
Netfang: ab@ab.is info@foerch.de
Veffang: www.ab.is www.foerch.com
- 1.4 Neyðarsímanúmer:** Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H223	Úðabrúsi með eldfimum efnum	Eldf.úðæfni 2
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	Úðabr. 1
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	Eit.v.ásvelg.1
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki:



Viðvörunarorð:

VARÚÐ

Hættusetningar

H223	Úðabrúsi með eldfimum efnum
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
EUH066	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. - Reykingar bannaðar
P211	Má ekki úða á opinn eld eða annan hita- og neistagjafa.
P251	Þrýstihylki: Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.
P261	Gætið þess að anda ekki inn úða/gufu/ýringi.
P312	Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart.
P410+P412	Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.

Inniheldur:

Vetniskolefni, C9-C10, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, <2% arómatar.

Sprengihætta við upphitun.

Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti, sé loftræsting ófullnægjandi.

Reglugerð 300/2014: Arómatísk vetniskolefni 30% og yfir, Ilmefni, Bensýlalkóhól.

2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB (<0,1%).
Sjá einnig 11. og 15. lið. (**PBT:** Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB:** Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Vetniskolefni, C9-C10, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, <2% arómatar			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	60 - 80
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	927-241-2	H-setningar	-
CAS	-	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 3 - H226 , Eit.v.ásvelg. 1 - H304 , SEM-VES 3 - H336 , Langv.eit.á vatn 3 - H412			

Koldíoxíð			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 10
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	204-696-9	H-setningar	-
CAS	124-38-9	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Innöndun Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið lækni verði vart við einkenni. Hafi hinn slasaði misst meðvitund, leggið í læsta hliðarlegu.

Snerting við húð Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Mælt er með notkun verndarkrems á hendur. Leitið lækni verði vart við ertingu.

Snerting við augu Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni. Sýnið öryggisblaðið.

Inntaka Skolið munn vandlega með vatni. Leitið strax lækni. Framkallið ekki uppköst. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

Eftirfarandi gæti átt sér stað: Erting í augum og öndunarvegi, höfuðverkur, svimi, skaði á miðtaugakerfi, meðvitundarleysi. Affitun og sprungumyndun í húð við langvarandi snertingu.

4.3 Upplýsingar um tafarlausu læknumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, kælið umbúðir með vatnsúða.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Kolmónoxíð, koldíoxíð, vetniskolefni, eitraðar gufur, þyngri en loft, við niðurbrot. Sprengifimar blöndur með lofti. Umbúðir geta sprungið við upphitun.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægjið alla eld- og neistagjafa.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Eld- og sprengifimar blöndur með lofti geta myndast.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Fylgið leiðbeiningum á umbúðum. Reykið ekki. Haldið fjarri eld- og neistagjöfum. Notið ekki í lokuðum rýmum. Úðið ekki á heita fleti. Aðlagið vinnulag leiðbeiningum. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri beinu sólarljósi og hitastigi yfir 50°C.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Engar upplýsingar eru fyrirleggjandi.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfærubreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	Annað
Vetniskolefni, C9-C10, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, <2% arómatar		800			WEL
Koldíoxíð	5000	9000			WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

Vetniskolefni, C9-C10, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, <2% arómatar					
Notkunarvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	1500	mg/m ³
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	300	mg/kg/lik.p/dag
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	300	mg/kg/lik.p/dag
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	900	mg/m ³

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Aughlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166)

Húð - hendur

Notið efnahelda hanska úr nítrílgúmmi (EN 374). (þykkt >0,40 mm, Gegnstreymistími >480 mín). Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgæfnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 20345).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi í úðabrúsa (aerosol)
Lykt:	Vægur ilmur
Litur:	Gulbrúnn
Gufuþrýstingur (20°C):	6-6,5 bar
Eðlismassi við 20°C:	0,860 g/cm ³
Vatnsleysni:	Óleysanlegt
Oxandi eiginleikar:	Nei

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð. Sjá liði 10.4 til 10.6.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Sjá liði 10.4 til 10.6.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur og aðrir íkveikjuvaldar, stöðurafmagn. Sprengihætta við upphitun. Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C. Ekki skal gata eða brenna brúsa eftir notkun.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Kolmónoxíð, koldíoxíð, vetniskolefni, eittraðar gufur, þyngri en loft, við niðurbrot. Sprengifimar blöndur með lofti. Umbúðir geta sprungið við upphitun.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Vetniskolefni, C9-C10, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, <2% arómatar					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD ₅₀	>5000	mg/kg	kanína	OECD 402
Bráð eiturhrif, innöndun	LC ₅₀	>4951	mg/l4 klst	rotta	OECD 403
Húðæting/erting		Ertandi og affitandi			OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt			OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Krabbamein		Neikvætt			OECD 453
Eitrun æxlunarfæra		Neikvætt			OECD 414
Ásvelgingarhætta		Já			
Eiturhrif á marklíffæri- eitt skipti		Sljóleiki og vanlíðan			
Eiturhrif á marklíffæri- endurtekin		Neikvætt			OECD 408
Einkenni		Meðvitundarleysi, höfuðverkur, svimi, sljóleiki, þurr og sprungin húð.			

Koldíoxíð					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Einkenni		Meðvitundarleysi, Blöðrumyndun á húð, kal, andlegt ójafnvægi, hjartsláttartruflanir, kláði, höfuðverkur, svimi, krampi, suð í eyrum, uppköst.			

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Förch Ryðvarnar- og smurúði S400					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Annað		Inniheldur engin AOX efni (lífræn efni með halogenum sem geta aðsogast)			

Vetniskolefni, C9-C10, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, <2% arómatar					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LL ₅₀	>10-<30 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EL ₅₀	>22-<46 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EL ₅₀	>1000 mg/l	72 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot	89% (28 d)				
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt
Vatnsleysanleiki	0,04 g/l (20°C)				

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.

Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokk(um):
16 05 04 (gaskennd efni í þrýstihylkjum (þar með talin halón) sem innihalda hættuleg efni)

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinna.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS
Hættuflokkur: 2.1
Pökkunarflokkur: -
Hættuundirflokkur: 5F
Mengunarhætta: Nei

Varúðarmerking



IMDG:

UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS
Hættuflokkur: 2.1
EmS: F-D, S-U
Pökkunarflokkur: -
Mengunarhætta: Nei



IATA:

UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS, FLAMMABLE
Hættuflokkur: 2.1
Pökkunarflokkur: -



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.
Rokgjörn efni VOC EB 2010/75: = 68,3%

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat á efnablöndum liggur ekki fyrir.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H226	Eldfímur vökvi og gufa
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 2/08.10.2019

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

THEO FÖRCH GmbH:

SAFETY DATA SHEET according to Regulation (EC) No 1907/2006, Annex II

6520 5760 Full Service S400 400 ml

Útgáfa:

04.06.2018 / 0014